



Ársskýrsla 2017





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Ölfusárbrú.

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	3
Inngangur	5
Hlutverk og uppbygging	5
Heilbrigðisnefnd	6
Starfsmenn	7
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	8
Helstu lög og reglugerðir	10
Samstarf.....	10
Starfsemi.....	11
Innra starf	11
Reglubundið eftirlit.....	14
Sýnataka og niðurstöður	14
Hollustuhættir	17
Efst á baugi	18
Laga- og reglugerðarbreytingar á hollustuháttasviði	20
Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	20
Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.....	21
Reglugerðir um sund- og baðstaði og baðstaði í náttúrunni.....	22
Matvæli.....	23
Innra eftirlit	23
Eftirlitsverkefni	23
Neysluvatn.....	23
Vatnatilskipunin.....	24
ESA úttektir.....	25
Umhverfis- og mengunarvarnir	26
Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits.....	26
Lóðir og lendur	26
Loftgæði.....	26
Umsagnir um skipulagsmál.....	29
Verkefni umhverfisgæðahóps UST og HES.....	29
Brennur.....	29
Fjármál og rekstur	30
Lokaorð.....	32

Myndaskrá

Mynd 1. Heilbrigðisnefndin	6
Mynd 2. Fjöldi stöðugilda og tekjur reiknaðar á starfsmann	8
Mynd 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi	9
Mynd 4. Tengsl heilbrigðiseftirlits út á við	10
Mynd 5. Línurit sem sýnir þróun í fjölda fyrirtækja milli sviða	13
Mynd 6. samanburður á sýnatökuniðurstöðum milli ára	15
Mynd 7. Samanburður í prósentum á niðurstöðum sýna.....	15
Mynd 8. Kökurit yfir heildarniðurstöður	16
Mynd 9. Kökurit með niðurstöðum neysluvatns.....	16
Mynd 10. Kökurit með niðurstöðum baðvatns sund- og baðstaða.....	17
Mynd 11. Kökurit með niðurstöðum baðvatns náttúrulega	17
Mynd 12 Stóll sem þarfnast viðhalds/endurnýjunar.....	18
Mynd 13 Horft inn í Reykjadalinn í Ölfusi.....	18
Mynd 14 Kamrar við, Laufskálavörðu, Skaftárhreppi.	19
Mynd 15 Plastkúla sem gisting er seld í.....	19
Mynd 16 Fata orðin að salerni	20
Mynd 17 Kettir nú leyfilegir á veitingastöðum.....	21
Mynd 18. Vatnatilskipunin og skipting landsins í svæði.....	25
Mynd 19. Fé á beit á jarðhitasvæði.....	27
Mynd 20. Ársmeðaltal H ₂ S mælinga 2011-2017	28
Mynd 21. Útgáfa brennuleyfa.....	29
Mynd 22. Framlög sveitarfélaga til rekstrar	30
Mynd 23. Tekjur HSL og hlutfall framlaga sveitarfélaganna	31
Mynd 24. Helstu kostnaðarliðir HSL.....	31

Töfluskrá

Tafla 1. Fundir heilbrigðisnefndar 2017	7
Tafla 2. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur	7
Tafla 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa.....	9
Tafla 4. Ný mál eftir helstu málaflokkum	12
Tafla 5. Lokin mál eftir helstu málaflokkum	13
Tafla 6. Sýnatökur flokkaðar	16
Tafla 7. Yfirlit yfir hlutfall niðurstaðna neysluvatnssýna.....	24

Inngangur

Ársskýrsla þessi er samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2017. Jafnframt er í henni fróðleikur um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu og skýringar á samstarfi heilbrigðiseftirlitssvæðanna á landsvísu. Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti ef óskað er. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: www.hsl.is.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Svæðið nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri. Starfssvæðið nær upp á hálendið þar sem starfsleyfisskyld starfsemi eru sala gistingar í fjallaskálum og á einstaka veitingastöðum. Vestmannaeyjar eru útvörður svæðisins í suðri.

Í skýrslunni er samantekt upplýsinga um fjölda eftirlitsskyldra aðila, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Þá er einnig yfirlit yfir helstu mál ársins skipt eftir málaflokkum. Farið er yfir hlutverk og uppbyggingu HES ásamt rekstrarupplýsingum. Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

Hlutverk og uppbygging

Að reka heilbrigðiseftirlit er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga sem bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m. sbr. Þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar*“. Heilbrigðisnefnd er kosin á aðalfundi til fjögurra ára í senn.

Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru:

- *Ásahreppur*
- *Bláskógabyggð*
- *Flóahreppur*
- *Grímsnes- og Grafningshreppur*
- *Hrunamannahreppur*
- *Hveragerðisbær*
- *Mýrdalshreppur*
- *Rangárþing eystra*
- *Rangárþing ytra*
- *Skaftárhreppur*
- *Skeiða- og Gnúpverjahreppur*
- *Sveitarfélagið Árborg*
- *Sveitarfélagið Ölfus*
- *Vestmannaeyjabær*

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er þannig skipuð 2014-2018:

Formaður:	Páll Stefánsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Varaformaður:	Svanborg Egilsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra Valur Bogason, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda	Oddur Árnason, Rangárþingi eystra
Fulltrúi sóttvarnalæknis	Pétur Skarphéðinsson
Varamenn eru:	Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði Ólafur Hafsteinn Jónsson, Sveitarfélaginu Árborg Margrét Jónsdóttir, Flóahreppi Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ Jóna Björk Jónsdóttir, Skaftárhreppi



MYND 1. HEILBRIGÐISNEFNDIN

Á árinu hélt nefndin sjö fundi eins og kemur fram í töflu 1 og eru fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins. Mynd nr. 1 er af heilbrigðisnefndinni ásamt framkvæmdastjóra, tekin

þegar nefndin fór í vettvangsferð í Kerlingarfjöll sumarið 2017. Á myndina vantar Val Bogason, fulltrúa Vestmannaeyjabæjar og Odd Árnason, fulltrúa atvinnurekenda í nefndinni. Auk þessara er á myndinni Þorsteinn Þorvarðarson, heilbrigðisfulltrúi sem var sumarstarfsmaður á árinu 2017.

TAFLA 1. FUNDIR HEILBRIGÐISNEFNDAR 2017

Fundur nr.	dags.
177	2.feb
178	17.mar
179	12.maí
180	10.ágú
181	22.sep
182	18.okt
183	15.des


Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eru sex eins og kemur fram í töflu 2. Þar eru nöfn starfsmanna og starfsaldur. Allir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Embættinu bættist liðsauki þegar nýr starfsmaður kom til sumarafleysinga, Þorsteinn Þorvarðarson, heilbrigðisfulltrúi, en hann hefur langa reynslu í faginu af öðrum svæðum. Hann mun starfa áfram í afleysingum hjá embættinu. Fjölbreytt menntun starfsmanna styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga.

TAFLA 2. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	starfshlutfall %	starfsaldur, ár
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	100	15
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	14
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	12
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	5
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	3
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	100	1

Á neðangreindri skýringarmynd má sjá hlutfall tekna á bak við hvert stöðugildi heilbrigðiseftirlitsins á nokkra ára tímabili. Á vinstri ás eru tekjur í krónum, með tilheyrandi línuriti og hægri ás sýnir fjölda stöðugilda með tilheyrandi súlum og á x-ásnum eru ártölín. Hækkun tekna bak við hvert stöðugildi er eingöngu skýrt með auknum fjölda fyrirtækja á bak við hvern starfsmann.




MYND 2. FJÖLDI STÖÐUGILDA OG TEKJUR REIKNADAR Á STARFSMANN

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögunum var breytt á árinu 2017 og eru þau enn til skoðunar í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu því eru enn frekari breytingar í farvatninu. Svæðin 10 hafa með sér mikla samvinnu og hafa með sér formleg samtök: Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ). Markmið samtakanna er að standa vörð um heilbrigðiseftirlit á Íslandi og stuðla að árangursríku, óháðu og faglegu eftirliti.

Á heimasíðu samtakanna www.shi.is er hægt að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 3 er tekin af heimasíðunni og sýnir skiptingu landsins í eftirlitssvæði. Verkefni samtakanna eru samræming og samvinna milli svæða, umsagnir við lagafrumvörp ásamt samskiptum við stjórnvöld. Þátttaka í vinnuhópum á vegum ráðuneyta við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða er einnig hluti af verkefnum fulltrúa frá SHÍ og hefur verið góð samvinna um slík verkefni.

Á flestum svæðunum er rekstur heilbrigðiseftirlits samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi.




MYND 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Í töflu 3 hér að neðan er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig er og í anda umræðu um jafnrétti kynjanna einnig hægt að lesa út úr töflunni hvernig kynjaskiptingin er á svæðunum.

TAFLA 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA

Heilbrigðiseftirlitssvæði	samtals	karlar	konur
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	23	9	14
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	7	3	4
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	2	1	1
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2	2	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	3	1	2
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4	2	2
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	5	2	3
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	6	2	4
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	3	3	



MYND 4. TENGL HEILBRIGÐISEFTIRLITS ÚT Á VIÐ

Mynd 4 sýnir tengsl heilbrigðiseftirlits við önnur stjórnvöld og aðrar stofnanir. Sveitarfélögin þurfa að vera vakandi yfir þeim breytingum sem eru í farvatninu á lögum nr. 7/1998 og taka virkan þátt í umræðunni svo vel megi til takast um þær nauðsynlegu breytingar sem þarf að gera á lögnum.

Helstu lög og reglugerðir

Grunnstoð heilbrigðiseftirlits í landinu eru lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir sem byggjast á þeim lögum. Þar undir eru málaflokkar sem snerta allt mannlíf, en markmið laganna er að gæta hagsmuna almennings og náttúrunnar, sem er eins víðtækt og hugsast getur og varðar hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt sinnir eftirlitið lagaskyldu sinni samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli ásamt tilheyrandi reglugerðum sem eru fjölmargar. Önnur lög sem heilbrigðiseftirlit þarf ýmist að nota í sínum verkum og/eða að veita umsagnir um eru: Efnalög, lög um tóbaksvarnir, lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lög um meðferð elds, skipulagslög, lög um mannvirki, lög um mat á umhverfisáhrifum, Stjórnsýslulög og Upplýsingalög o.fl..

Samstarf

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er í samstarfi við átta embætti skipulags- og byggingafulltrúa auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Tvö sýslumannsembætti eru á svæðinu auk

Þess sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nú bæst við sem samstarfsaðili því öll heimagisting verður framvegis skráð rafrænt hjá honum í gátt á slóðinni: www.heimagisting.is

Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru fyrst og fremst önnur heilbrigðiseftirlitssvæði, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun.

Matvælastofnun hefur samkvæmt matvælalögum það hlutverk að stuðla að samræmdu matvælaeftirliti í landinu öllu og er það gert með útgáfu leiðbeininga og einnig er samstarfshópur starfandi sem kallast í daglegu tali „*Matvælahópurinn*“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum víða af landinu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í því starfi. Þar eru tekin fyrir álitamál og annað sem stuðlar að einsleitu eftirliti á landinu öllu. Hópurinn fundaði fimm sinnum á síðasta ári.

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á sviði hollustuhátta, umhverfis- og mengunarvarna og einnig efnavörueftirlits. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Það er annars vegar Umhverfisgæðahópurinn sem fundar mánaðarlega yfir vetratímamann og hins vegar Hollustuháttahópurinn sem einnig fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímamann og eru flestir þátttakendur með í gegnum síma.

Á slíkum fundum eru nýjungar/breytingar á löggjöf/reglugerðum kynntar og eftirlit samræmt betur á landsvísu, sem og tilfallandi mál rædd hverju sinni.

Starfsemi

Meginstarfsemin er reglubundið eftirlit með starfsleyfis skyldum fyrirtækjum og stofnunum.

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun og álímingar.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Innra starf

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins www.hsl.is er í stöðugri þróun.

Allar kvartanir þurfa að vera skriflegar og er auðveld leið að fara með slíkt í gegnum skráningu á heimasíðunni. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara því ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana með skriflegum hætti gegnum heimasíðu.

Á heimasíðunni er meindýraeyðum gert kleift að skila rafrænt lögbundnum skýrslum um unnin verk, þeim er skylt að skila skýrslum til heilbrigðiseftirlits við eyðingu á rottum og veggjalús skv. 12. gr. reglugerðar nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, en þar segir:

Að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús ber handhafa notendaleyfis að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna og dýra, annarra en meindýra, og umhverfið. Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um er að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.

Meindýraeyðar eru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Rafræn stjórnsýsla er því smám saman að auka hlutdeild sína. Sem dæmi er á vefnum: www.island.is hægt að sækja rafrænt um starfsleyfi, og ýmis önnur leyfi sem viðkomandi starfsemi þarf. Betur má ef duga skal og mun Heilbrigðiseftirlit Suðurlands halda áfram að bæta heimasíðu sína fyrir notendur og almenning.


TAFLA 4. NÝ MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

Mánuður / Tegund máls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	19	18	27	16	7	6	5	14	10	10	18	20	170
<i>Brennuleyfi</i>	0	0	0	0	3	3	10	2	0	0	0	29	47
<i>Eftirlit</i>	3	0	2	0	3	11	2	1	6	5	4	8	45
<i>Skipulag umsagnir</i>	14	2	6	1	19	9	18	1	2	7	5	8	92
<i>Starfsleyfi</i>	61	45	37	43	51	38	26	17	12	13	15	17	375
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	0	0	1	0	2	2	2	3	4	5	0	1	20
<i>Tækifærisleyfi</i>	13	10	5	3	5	11	5	4	3	5	4	5	73
<i>Veitingar og gisting</i>	13	13	19	13	23	20	27	10	15	15	18	6	192
<i>Samtals</i>	123	88	97	76	113	101	95	52	52	60	65	94	1016

TAFLA 5. LOKIN MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

<i>Mánuður / Tegund máls</i>	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	34	13	24	4	23	7	18	17	18	12	5	15	190
<i>Brennuleyfi</i>	0	0	0	0	2	2	13	4	1	0	0	26	48
<i>Eftirlit</i>	6	2	1	0	1	3	15	0	0	2	0	3	33
<i>Skipulag umsagnir</i>	24	7	7	0	7	5	12	4	1	4	0	0	71
<i>Starfsleyfi</i>	21	31	47	24	36	35	24	17	24	29	14	17	319
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	0	0	0	0	2	0	0	5	3	4	0	1	15
<i>Tækifærisleyfi</i>	14	6	6	2	5	10	5	7	4	6	4	5	74
<i>Veitingar og gisting</i>	12	9	22	10	20	16	28	13	15	19	17	18	199
<i>Samtals</i>	111	68	107	40	96	78	116	67	66	76	40	85	950

Í töflum 4 og 5 hér að framan má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrir árið 2017. Reglubundið eftirlit almennt er ekki talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu og er fjallað um það í næsta kafla. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og eru þar umsagnir með mesta fjöldann. Umsagnir skiptast aðallega í tvo flokka. Annars vegar umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa og hins vega umsagnir til skipulagsfulltrúa vegna hvers konar skipulagsmála.


MYND 5. LÍNURIT SEM SÝNIR ÞRÓUN Í FJÖLDA FYRIRTÆKJA MILLI SVIÐA

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2017 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1501 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun alls 691. Til viðbótar þessu eru síðan heimsóknir vegna nýrra umsókna og ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda og kvartana. Fjöldi eftirlitsferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verið allt frá því að vera einu sinni á fjöggra ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð.

Á 12 ára tímabili hefur verið stöðug aukning eftirlitsskyldra aðila og hefur hún verið að jafnaði 4% milli ára sem þýðir 47% aukningu frá 2005 til 2016. Á sama tíma hefur starfshlutfall einungis aukist um 20%. Reiknað er fastlega með að eftirlitsskyldum aðilum eigi eftir að halda áfram að fjölga jafnt og þétt næstu árin, sérstaklega ef tekið er mið af vexti ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Á mynd 5 eru upplýsingar um fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu þeirra milli sviða.

Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er að finna fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna í reglubundnu eftirliti á árinu. Í upphafi hvers árs liggja því fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt.


Sýnataka og niðurstöður

Sýnataka í reglubundnu eftirliti er mismunandi milli ára sem og fjöldi sýna sem á að taka á hverjum stað fyrir sig. Tíðni sýnataka eykst eftir umfangi og stærð reksturs háð kröfum viðeigandi reglugerðar og mati heilbrigðisfulltrúa. Standist sýni ekki kröfur reglugerðar er rekstraraðilum gefinn tími til úrbóta áður en til endurtekningar sýnatöku kemur nema verið sé að staðfesta hugsanlega mengun eða smit, þá er önnur sýnataka framkvæmd svo fljótt og kostur er eftir að fyrri niðurstöður liggja fyrir.


Árið 2017 voru 369 sýni tekin í eftirlitsferðum heilbrigðisfulltrúa og er það aukning frá fyrra meti sem voru 363 sýni árið 2016. Helstu ástæður fyrir miklum fjölda sýna er aukning ferðamanna sem um svæðið fara. Má þar nefna mikla aukningu gesta á baðstöðum auk fjölgunar útleigðra sumarhúsa með tilheyrandi einkavatnsbólum en u.þ.b. helmingur neysluvatnssýnatöku er úr einkavatnsbólum.

Á myndum 6 og 7 eru niðurstöður allra sýna bornar saman milli ára hvort sem um er að ræða neysluvatn, matvæli eða baðvatn og hvernig sýnin voru metin. Eins og lesa má út úr samanburði á niðurstöðum er töluverður fjöldi sýna sem stenst ekki kröfur. Það kallar á aukna vinnu heilbrigðisfulltrúa með viðeigandi leiðbeiningum og endurtekningu á sýnatöku.

Í töflu 6 má sjá helstu skiptingu á sýnatökuflokkum sem gerðar voru árið 2017 ásamt flokkun niðurstaða úr þeim flokkum. Kökurit á mynd nr. 8 sýnir hlutfallslega skiptingu niðurstaðna við heildarsamanburð sýna. Kökurit á myndum nr. 9, 10 og 11 skýra sig sjálf að mestu leyti en þar kemur fram hlutfall sýna sem stóðust kröfur viðkomandi reglugerða og þeirra sem féllu.




MYND 6. SAMANBURÐUR Á SÝNATÖKUNÍÐURSTÖÐUM MILLI ÁRA




MYND 7. SAMANBURÐUR Í PRÓSENTUM Á NIÐURSTÖÐUM SÝNA

TAFLA 6. SÝNATÖKUR FLOKKAÐAR


Gerð sýnis	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Ekki metið	Alls
Baðvatn	91	39		130
Neysluvatn	161	36		197
Yfirborðsvatn				
Íssýni	5			5
Náttúruleg	20	5		25
Matvæli			2	2
Varnarefni	4		3	7
Önnur sýni			3	3
Samtals	281	80	8	369


MYND 8. KÖKURIT YFIR HEILDARNIÐURSTÖÐUR

MYND 9. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM NEYSLUVATNS



MYND 10. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM BAÐVATNS SUND- OG BAÐSTAÐA



MYND 11. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM BAÐVATNS NÁTTÚRULAUGA

Hollustuhættir

Í lok árs 2017 voru 779 fyrirtæki á sviði hollustuhátta. Það eru fyrirtæki sem falla m.a. undir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Þetta eru m.a. allar gerðir gististaða, samkomustaðir, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, dagforeldrar með sex eða fleiri börn, heimili og stofnanir fyrir börn, líkamsræktar- og íþróttamiðstöðvar, tjaldsvæði, útihátíðir sem

standa yfir í þrjár klukkustundir eða lengur, almenningssalerni, snyrtistofur og skyld starfsemi, sund- og baðstaðir, náttúrlaugar sé rekstur í kringum þær, opin leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að o.fl.

Efst á baugi

Eftirlit á sviði hollustuhátta gekk vel árið 2017 og einkenndist að reglubundnu eftirliti og aukningu eftirlits með nýrri starfsemi. Oftast eru gerðar athugasemdir við atriði sem lúta að viðhaldi og þrifum í eftirliti. Það kemur líklega fæstum á óvart að mesta aukning var á starfsemi sem snertir ferðapjónustu á sviði hollustuhátta.

Heilbrigðiseftirlitið fékk ábendingu frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands síðsumars vegna fjölda tilfella eyrnabólgu hjá börnum. Talið var að rekja mætti aukningu sýkinga til sundferða á ákveðinn sundstað. Brugðist var við með að fara í eftirlit og var sýnataka á baðvatni framkvæmd. Ræktun sýnanna leiddi í ljós að gerlafjöldi við 37°C var of hár og að bakterían *Pseudomonas aeruginosa* sem m.a. getur valið eyrnabólgu ræktaðist í sýnunum. Farið var í viðeigandi aðgerðir á staðnum og ræktaðist *P.aeruginosa* ekki í næstu sýnatökuferðum á eftir.



**MYND 12 STÓLL SEM
ÞARFNAST
VIÐHALDS/ENDURNÝJUNAR**



MYND 13 HORFT INN Í REYKJADALINN Í ÖLFUSI

Farið var í nokkur eftirlit vegna baðstaða í náttúrunni og var sýnataka framkvæmd. Sýnin komu vel út m.v. þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Enn er eftir að fara í allmargar laugar sem geta fallið undir baðstaði í náttúrunni og ljóst er að þetta verkefni á eftir að taka nokkur ár vegna margra baðstaða og fjölda ferðafólks.

Á haustdögum móttók heilbrigðiseftirlitið bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þess efnis að sala á gistingu í plastkúlum væri starfsleyfisskyld hjá embættinu. Fram að því hafði heilbrigðisnefndin sýnað afgreiðslu starfsleyfis vegna sölu á gistingu í plastkúlum. Var það mat nefndarinnar að sala gistinga í plastkúlum samræmdist ekki skilgreiningu á gististað og sú starfsemi ætti ekki heldur við eiginlegt tjaldsvæði þar sem engum er heimilt að tjalda á staðnum. Rekstur staðarins miðast eingöngu við þá sem kaupa gistingu í plastkúlunum. Á tjaldsvæðum hefur ekki tíðkast að hægt sé að kaupa sér gistingu í uppá búnu rúmi í tjaldi/plastkúlu. Í skilgreiningu á gististað segir m.a. gististaður er hvert það hús eða húshluti sem notaður er til gistingar og dvalið er til skamms tíma, að hámarki 30 daga samfellt, gegn endurgjaldi. En tjald/plastkúlar eru hvorki hús né húshluti.



MYND 14 KAMRAR VIÐ, LAUFSKÁLAVÖRÐU, SKAFTÁRHREPPI.

Ráðuneytið var þessu ósammála og mat sem svo að starfsemin uppfyllti skilyrði tjaldsvæða en bætti því við að hafa yrði í huga markmið laga og reglugerða um hollustuhætti sem stuðla að framkvæmd hollustuverndar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gaf út starfsleyfi fyrir starfseminni með sértækum starfsleyfisskilyrðum í samræmi við álit Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.



MYND 15 PLASTKÚLA SEM GISTING ER SELD Í

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands móttók einnig nokkrar athugasemdir og ábendingar frá fólki á árinu varðandi ferðamenn sem gera þarfir sínar út í náttúrunni og ábendingar þess efnis að bæta þurfi aðstöðu ferðamanna á fjölmönnum ferðamannastöðum. Embættið getur lítið beitt sér í þessu máli að öðru leyti en því að koma þessum upplýsingum áleiðis til viðeigandi aðila. Vegagerðin setti upp salerni (kamra) á nokkrum vel völdum og fjölmönnum ferðamannastöðum á landinu yfir

há anna ferðamannatímabilið í sumar. Auk þess rekur Umhverfisstofnun almenningssalerni á a.m.k. tveimur stöðum á á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands .



MYND 16 FATA ORÐIN AÐ SALERNI

Vegna þessa nýja vandamáls sem fylgir aukningu ferðafólks á landinu þá þurfa rekstraraðilar vatnsveitna að taka til skoðunar að merkja vatnsverndarsvæði sín betur. Embættinu er kunnugt um að fólk hafi farið og gert þarfir sínar á brunnsvæði vatnsbóla. Heilbrigðisfulltrúar fóru einnig í eftirlit í sumar á afskekktan stað sem eitt sinn var opinn fyrir ferðamenn. Staðurinn er í dag vel merktur að hann sé lokaður en fólk virðir þær merkingar að vettugi og skoðar staðinn. Á fleiri en einum stað mátti sjá salernispappír á víð og dreif á grasflötum og bak við runna og tré og á einum stað

var að finna fötu sem fólk hafði notað til að gera þarfir sínar í.

Laga- og reglugerðarbreytingar á hollustuháttasviði

Árið 2017 var nokkuð um laga- og reglugerðabreytingar á sviði hollustuhátta. Höfðu þessar breytingar allnokkur áhrif.

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Fjöldi fyrirtækja helst nokkuð stöðugur milli ára þrátt fyrir að aukning á nýrri starfsemi á sviði hollustuhátta sé staðreynd sem rekja má til breytinga á reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 og breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald var skilgreiningu á heimagistingu breytt og var einstaklingum leyfilegt að selja gistingu á lögheimili sínu auk einni annarri fasteign, sem það hefur til persónulegra nota og er í þeirra eigu, í allt að 90 daga samanlagt á hverju almanasksári, eða þar til tekjur af gistingunni hafa náð ákv. fjárhæð sbr. 9. tölulið. 4. greinar laga um virðisauka, nr. 50/1988 (sjá nánari skilgreiningu í 13. grein rgl. nr. 1277/2016). Í daglegu tali er þetta kallað 90 daga reglan eða „air b&b gisting“.

Í lögum nr. 7/1998 voru allir gististaðir starfsleyfis skyldir og þurftu því einstaklingar að afla sér starfsleyfis hjá embættinu vegna þessa. Með lagabreytingu sem samþykkt var 1. júní 2017 og tók gildi 1. júlí 2017 voru gististaðir að undanskilinni heimagistingu starfsleyfis skyldir. Við þessa lagabreytingu voru gististaðir sem höfðu aflað sér starfsleyfis vegna heimagistingu teknir af skrá hjá embættinu og fengu rekstraraðilar tilkynningu þess efnis vegna lagabreytingar. Gera má ráð fyrir að 90 póstar verið sendir og starfsemi þeirra tekin af skrá hjá embættinu auk þess sem annar eins fjöldi var óafgreiddur þegar breytingarnar tóku gildi.

Eitthvað hefur svo verið um að fólk vilji halda rekstrinum áfram umfram 90 daga og hafa þeir sótt um endurnýjun á starfsleyfum sínum og rekstrarleyfum hjá embætti sýslumanns. Ekki er þó sjálfsagt að þeir fái starfsleyfi og rekstrarleyfi þar sem huga þarf að aðalskipulagi á hverjum stað og fara allar starfsleyfisumsóknir til umsagnar hjá viðkomandi byggingarfulltrúa til nánari athugunar. Sumum umsóknum hefur verið hafnað á grundvelli þess að aðalskipulagið á svæðinu geri ekki ráð fyrir atvinnurekstri. Á nokkrum stöðum hafa sumarhúsaeigendur óskað eftir aðalskipulagsbreytingu til að geta haldið rekstri áfram.

Miðað við þann mikla fjölda sem var tekinn af skrá sumarið 2017 vegna ofangreindra lagabreytinga er ljóst að mörg ný fyrirtæki hafa tekið til starfa á sviði hollustuhátta og þar veða þyngst gististaðir og önnur þjónusta vegna aukinnar ferðþjónustu.

Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti

Á árinu 2017 var reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti breytt tvívegis. Í fyrri breytingunni ber helst að nefna að ný grein kom um gististaði og felld niður starfsleyfisskylda á heimagistingu. Stærsta breytingin var að krafan vegna fjölda salerna m.v. gestafjölda var hert og sum staðar voru sértækar kröfur felldar út og vísað beint í byggingarreglugerð þar sem krafa um fjölda salerna m.v. gestafjölda eru mun strangari en í hollustuháttareglugerð. Eins er vísað í byggingarreglugerð varðandi stærð salernisrýmis. Vegna þessa hafa vandkvæði skapast í kringum umsagnir rekstrar- og tækifærisleyfa hjá embætti sýslumanna og beðið er eftir samræmdum reglum frá Umhverfisstofnun um hvernig framfylgja eigi þessum kröfum. En Umhverfisstofnun á að sjá um samræmingu eftirlits á landsvísu.

Seinni breytingin á sömu reglugerð snerist um að heimila rekstraraðilum veitingastaða að hleypa hundum og köttum inn á veitingastaði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum varðandi hagsmuni gesta, velferð dýra og að matvælaöryggi væri tryggt. Rekstraraðilar sem nýta sér þessa heimild skulu auglýsa með áberandi hætti að leyfilegt sé að vera með hunda og ketti inni á veitingastaðnum. Þeim er einnig heimilt að vísa fólki frá með dýr sín ef ástæða er til. Ekki er hægt að nýta sér ákvæði reglugerðarinnar á stöðum þar sem mæting fólks er ekki valfrjálss.s. þar sem fólki er gert að sækja þjónustu. Tilkynna skal til heilbrigðisnefndar ákveði rekstraraðili að nýta þetta ákvæði og getur heilbrigðisnefnd sett ítarlegri ákvæði í starfsleyfi



MYND 17 KETTIR NÚ LEYFILEGIR Á VEITINGASTÖÐUM

vegna þessa. Enginn veitingastaður á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur nýtt sér þessa heimild.

Reglugerðir um sund- og baðstaði og baðstaði í náttúrunni

Á árinu 2017 voru gerðar breytingar bæði á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Breytingarnar á báðum reglugerðum marka ákveðin kaflaskil. Stærsta breytingin á reglugerð um sund- og baðstaði er að köld ker eru leyfð. Við þá breytingu er s.s. sund- og baðstöðum heimilt að setja upp óklóruð ker/laugar með köldu baðvatni (0-16°C). Ekki er leyfilegt að búa til aðrar gerðir óklóraðra lauga og hefur það verið óheimilt í þó nokkurn tíma.

Breyting á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni markar ákveðin tímamót. Opnað var fyrir þann möguleika að heimila rekstur í manngerðum náttúrulegum sem nefndar hafa verið afþreyingarlaugar. Á undanförunum árum hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fundið fyrir auknum áhuga og þrýstingi fyrir að heimila slíkar laugar og þó nokkrir íhugað að búa til slíkar laugar. Spannandi verður að sjá í framtíðinni hversu margir koma til með að nýta sér þetta nýja reglugerðarákvæði. Munurinn á hefðbundinni sundlaug (undir reglugerð 814/2010) og afþreyingarlaugar er að baðvatnið í afþreyingarlaug er óklórað og ræðst heilnæmi þess m.a. að tíðri endurnýjun vatnsins. Laugar á sund- og baðstöðum skulu vera með klóruðu baðvatni og tengdar hreinsikerfi, sjá nánar í rgl.

814/2010. *Ekki er hægt að vera með sund- og baðstað þar sem rekstri beggja lauga er blandað saman.* Líkt og á sund- og baðstöðum geta rekstraraðilar afþreyingarlauga sem eru reknar sem baðstaður í náttúrunni, sett fjöldatakmarkanir í laugina til að tryggja heilnæmi baðvatnsins. Mismunandi gerlafræðilegar kröfur eru gerðar til baðvatns hvort um er að ræða afþreyingarlaug eða laug á sund- og baðstað, en kröfurnar eru mun minni í afþreyingarlaug og því ekki tryggt að vatnið sé heilnæmt og hreint í öllum tilfellum.

Skilgreining tekin úr rgl. 460/2015

Afþreyingarlaug:

Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steipt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennsli frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug.

Matvæli

Um matvælafyrirtæki gilda lög nr. 93 /1995 um matvæli. „*Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar að aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi*“. Matvælafyrirtæki eru samkvæmt skilgreiningu fyrirtækja eins og vatnsveitur, garðyrkjustöðvar með pökkun, mótuneyti, matvöruverslanir, söluturnar og veitingastaðir. Fjöldi matvælafyrirtækja hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í lok árs 2017 eru 400 sem er fækkun um tvö fyrirtæki frá árinu áður.

Innra eftirlit

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Umfang skal vera í samræmi við stærð og eðli starfseminnar. Leiðbeiningar til að setja á fót og innleiða innra eftirlit er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Jafnframt er þar fræðsla um góða starfshætti í matvælafyrirtækjum, ásamt sýnishorni af innra eftirliti sem lítil matvælafyrirtæki geta hlaðið niður og aðlagð sinni starfsemi, sjá: <http://mast.is/matvaelastofnun/innra-efstirlit/>. Flóknari fyrirtækjum er bent á að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum. Samtök starfsgreina hver á sínu sviði hafa verið hvött til að koma upp handbókum um innra eftirlit til að auðvelda fyrirtækjum slíka innleiðingu líkt og gert hefur verið í nágrennalöndum okkar. Hér á landi hefur Samband garðyrkjubænda gengið á undan með góðu fordæmi og gefið út slíkar leiðbeiningar til sinna félagsmanna með góðum árangri.

Eftirlitsverkefni

Í eftirlitsverkefnum MAST og heilbrigðiseftirlits sveitafélaga er gerð könnun um allt land þar sem sömu þættir eru skoðaðir og niðurstöður teknar saman fyrir allt landið. Eftirlitsverkefnum er ætlað gefa mynd af ástandi viðfangsefnisins sem verið er að skoða á tilteknu tímabili og er gerð samantekt í lokin og það síðan birt. Á árinu 2017 voru þrjú slík verkefni í gangi:

- Næringar- og heilsufullyrðingar
- Miðlun upplýsinga um ofnæmis- og óþolsvalda í óforpökkuðum matvælum
- Kæling matvæla eftir eldun

Niðurstöður verkefnanna er hægt að nálgast á á vef MAST:

<http://www.mast.is/matvaelastofnun/efstirlitsnidurstodur/efstirlitsverkefni/>

Neysluvatn

Kröfur til vatnsveitna eru samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar vatnsverndarsvæði. Á svæði Heilbrigðiseftirlits

Suðurlands eru fjölmargar vatnsveitur. Allt frá einstaka fjallaskálum og einkavatnsbólum upp í einstaklingsveitur með nokkra notendur og þaðan upp í stærri vatnsveitur sveitarfélaga.


Alls voru tekin 197 neysluvatnssýni á árinu. Af þeim sýnum sem tekin voru á árinu fullnægðu 161 ákvæðum neysluvatnsreglugerðar. Sýnin eru tekin á mismunandi árstímum en best er að taka sýni þegar vatnsbólín eru undir miklu álagi, hvort sem það er vegna mikillar þurrkatíðar eða mikillar rigningartíðar þegar aukin hætta er á að yfirborðsvatn komist í vatnsbólín. Ætlast er til þess að vatnsbólín skili alltaf viðunandi vatnsgæðum. Mikilvægast er að frágangur vatnsbóla sé með þeim hætti að yfirborðsvatn komist ekki að til að menga neysluvatnið. Einnig er mikilvægt að skilgreina vatnsvernd umhverfis vatnsbólín til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun t.a.m. frá búfénaði. Tafla 7 sýnir sýnatökur á mismunandi stærðum vatnsbóla og hlutfall staðinna og fallinna sýna ásamt fjölda.

TAFLA 7. YFIRLIT YFIR HLUTFALL NIÐURSTAÐNA NEYSLUVATNSSÝNA

	Hlutfall sem stóðst	Hlutfall sem féll
<i>Fjallaskálar</i>	71%	29%
<i>Einkaaðilar</i>	83%	17%
<i>Einkavatnsból</i>	81%	19%
<i>Vatnsból <150 íbúar</i>	67%	33%
<i>Vatnsveitur 150 - 500 íbúa</i>	100%	0%
<i>Vatnsveitur 501 - 1.000 íbúa</i>	100%	0%
<i>Vatnsveitur 1001 - 5.000 íbúa</i>	100%	0%
<i>Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa</i>	86%	14%
<i>Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa</i>	100%	0%

Vatnatilskipunin

Árið 2011 var rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns innleidd hér á landi með nýjum lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fylgdu tvær reglugerðir, nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.



MYND 18. VATNATILSKIPUNIN OG SKIPTING LANDSINS Í SVÆÐI

Samkvæmt þessu er landinu skipt upp í fjögur vatnasvæði (sjá mynd 18) og hafa vatnasvæðanefndir haft það hlutverk að afla upplýsinga um ástand vatnamála á Íslandi. Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í stjórn vatnamála bæði með setu í vatnasvæðanefndum og í gegnum skipulagsmálin. Hægt að sjá nánar á vefnum hlutverk vatnasvæðanefnda og sveitarfélaganna í þessu sambandi, sjá <http://www.ust.is/einstaklingar/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/sveitarfelog/>.

ESA úttektir

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, og gerir ríkjunum þannig kleift að taka þátt á innri markaði Evrópu. Úttektir á vegum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) eru yfirleitt 2-4 hér á landi en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands lenti í einni slíkri úttekt á árinu 2017. Frekari fróðleik um málefnið er að finna á vefnum <http://www.eftasurv.int/about-the-authority/the-authority-at-a-glance-/eftirlitsstofnun-efta/>

Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál.

Verkefni heilbrigðisfulltrúa á umhverfis- og mengunarvarnasviði eru m.a. eftirlit og útgáfa starfsleyfa fyrir starfsleyfisskylda mengandi starfsemi eins og verkstæði, bensín- og olíuafgreiðslustöðvar, gámastöðvar, alifugla-, svína- og loðdýrabú, fiskvinnslur, sláturhús, hreinsistöðvar fráveitu, vatnsafls- og varmavirkjanir, efnistöku, landmótun o.fl.. Einnig eru gefin út starfsleyfi fyrir ýmiskonar tímabundna mengandi starfsemi s.s. verktakaaðstöðu við tímabundnar framkvæmdir, jarðboranir, brennur og flugeldasýningar. Til annarra verkefna teljast ýmiskonar sýnatökur, gerð umsagna um m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda og þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum er varða umhverfi og mengunarvarnir.

Helstu lög og reglugerðir sem varða umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit eru lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi o.m.fl.

Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits

Árið 2017 voru aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnasviði 322. Hefur þeim fækkað um 21 frá síðasta ári. Eftirlit gekk vel á árinu og voru fáar stórar athugasemdir gerðar og ekki þurfti að beita þvingunarúrræðum.

Lóðir og lendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var á árinu í góðu samstarfi við áhaldahús sveitarfélagana við að koma númerslausum bílum og öðrum hlutum af götum og opnum svæðum og mun halda því áfram, enda þarft verk.

Loftgæði

Starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar var endurnýjað í október 2016 með endurskoðuðum starfsleyfisskilyrðum, þar sem m.a. er gerð sú krafa að auk þeirra fjögurra föstu mælistöðva sem virkjunin hefur rekið undanfarin ár, skal hún reka eina færanlega loftgæðamælistöð sem

staðsett verður þar sem þörf er á hverju sinni, þó að jafnaði í Lækjarbotnum yfir vetrartíman þegar von er á hvað hæstum styrk H₂S á þeim slóðum.



MYND 19. FÉ Á BEIT Á JARÐHITASVÆÐI


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur því nú eftirlit með fimm loftgæðamælum í eigu Orku Náttúrunnar (ON) vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Loftgæðamælarnir eru staðsettir í Norðlingaholti, í Lækjarbotnum, í Hveragerði, á Hellisheiði og á Nesjavöllum. Verkfræðistofan Vista sér um daglegan rekstur og kvörðun, og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með yfirferð og leiðréttingu gagna.

Í gildi er samræmd verklagsregla, sem gefin er út af Umhverfisstofnun, OR, LV og HS-Orku um úrvinnslu gagna úr H₂S loftgæðamælum. Þar segir að til að ársmeðaltalsmæling teljist áreiðanleg skal viðkomandi mælitæki hafa mælt á viðkomandi mælistað a.m.k. 90% af almanaksárinu svokallaður „*uppítími*“ mælitækjanna. Ef mælingar liggja niðri vegna óviðráðanlegra orsaka til lengri tíma skal einungis birta mánaðarmeðaltöl fyrir mælda mánuði. Árið 2017 var „*uppítími*“ mælitækja í Norðlingaholti og Hveragerði 99,94% og í Lækjarbotnum 95,61%. Því eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á öllum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. ofangreinda samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H₂S loftgæðamælum.

Skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. skal:

- styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals ekki fara oftar en 3 sinnum á ári yfir 50 µg/m³,
- ársmeðaltal ekki fara yfir 5 µg/m³,
- tilkynna almenningi með formlegum hætti þegar styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur að meðaltali verið yfir 150 µg/m³ í þrjár klukkustundir samfelld.

Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór fjórum sinnum yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu, tvisvar í Norðlingaholti í byrjun mars og svo tvisvar í Hveragerði, annars vegar í lok nóvember og hins vegar í byrjun desember. Þrátt fyrir að styrkur brennisteinsvetnis hafi farið 4 sinnum yfir heilsuverndarmörk, þá telst það ekki brot á reglugerð nr. 514/2010 þar sem um sitt hvora mælistöðina er að ræða. Þá er athyglisvert í þessu sambandi að styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti fór aldrei yfir tilkynningamörk, þ.e. $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í 3 klst. samfellt, á árinu, þrátt fyrir að hafa farið fjórum sinnum yfir heilsuverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ hlaupandi 24klst meðaltal). Ársmeðaltal ársins 2017 í Norðlingaholti var $3,1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er $0,4 \mu\text{g}/\text{m}^3$ lægra en árið á undan. Í Hveragerði reyndist ársmeðaltal ársins 2017 vera $4,2 \mu\text{g}/\text{m}^3$ en var $3,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$ árið 2016. Í Lækjarbotnum var ársmeðaltalið $2,6 \mu\text{g}/\text{m}^3$.



MYND 20. ÁRSMEÐALTAL H_2S MÆLINGA 2011-2017

Mynd 20 sýnir ársmeðaltal magns brennisteinsvetnis í andrúmslofti síðustu 7 ára. Niðurstaða loftgæðamælinga í byggð vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá virkjunum ON á Hellisheiði og Nesjavöllum var því innan þeirra marka sem sett eru í ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br.

Jafnframt má á mynd 20 sjá að mengun af völdun brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur minnkað á undanförunum árum. Í lok árs 2017 var afkastageta lofthreinsistöðvar virkjunarinnar á Hellisheiði aukin þannig að nú hreinsar hún útblástur frá öllum vélarsamstæðum í aðalhusi Hellisheiðarvirkjunar sem og í Sleggju. Hreinsar lofthreinsistöðin nú um 60-80% af því H_2S sem losnar við vinnslu jarðhitavökvans í virkjuninni.

Árið 2012 sker sig úr vegna þess að loftgæðamælar voru bilaðir meira en 30% af árinu, meira og minna allt sumarið, og því eru mælingar ómarktækar. Hins vegar er ekki óeðlilegt að mengun vegna brennisteinsvetnis hafi aukist á tímabilinu frá 2011-2013 því að í september 2011 voru tvær vélasamstæður í Sleggjuni svokölluðu gangsettar til viðbótar við þær fjórar sem eru í aðalvirkjunarhúsinu, en engar ráðstafanir voru gerðar til að draga úr H₂S-mengun frá Hellisheiðarvirkjun fyrr en um mitt ár 2014 þegar fyrsta áfanga gashreinsistöðvar var hleypt af stökkunum. Mælingar ársins 2015 þarf að skoða með það í huga að stillingum loftgæðamæla var breytt þannig að mælarnir mældu einnig SO₂ vegna eldgossins í Holuhrauni, og eru þær því mögulega ekki eins nákvæmar og mælingar fyrir árin 2016 og 2017.

Umsagnir um skipulagsmál


Mikil aukning hefur verið í fjölda skipulagsmála sem koma til umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins undanfarin ár. Árið 2017 veitti embættið 130 umsagnir til annars vegar skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélaganna og hins vegar Skipulagsstofnunar um lýsingar og tillögur að aðalskipulagi og deiliskipulagi, tilkynningar um framkvæmdir til ákvörðunar um matsskyldu, matsáætlanir og matsskýrslur. Er það svipaður fjöldi umsagna og árið 2016.

Verkefni umhverfisgæðahóps UST og HES

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur þátt í starfi umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Vorfundur hópsins fór fram á Ísafirði þetta árið. Helsta verkefnið var vinna við gerð áhættumats og endurskoðun samræmdra starfsleyfisskilyrða, en langt er síðan starfsleyfisskilyrðin voru síðast uppfærð, m.a. m.t.t. laga- og reglugerðabreytinga. Vinna við gerð áhættumats mun síðan skila sér í skilvirkara eftirliti þar sem áherslan er lögð á eftirlit með fyrirtækjum sem þurfa meira aðhald eða eru í meiri áhættu hvað varðar mögulega mengun vegna starfseminnar.

Brennur


Þann 30. júní 2015 komu út lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, tilsvarendi reglugerð (nr. 325/2016) kom nokkru seinna, en þessi breyting hefur þau áhrif að fleiri brennur þurfa að fara gegnum leyfisveitingaferli en áður. Mynd 21 sýnir fjölgun í leyfisveitingum milli ára.



MYND 21. ÚTGÁFA BRENNULEYFA


Fjármál og rekstur

Rekstrarafkoma eftirlitsins var jákvæð um 4,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 38,3 m.kr. í lok ársins. Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.




MYND 22. FRAMLÖG SVEITARFÉLAGA TIL REKSTRAR

Framlag hvers aðildarsveitarfélags til rekstar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram í á mynd 22 hér að framan. Hlutfall milli framlaga sveitarfélaganna og eftirlitsgjalda og annarrar gjaldtöku af eftirlitspegunum kemur fram á mynd 23 hér að neðan. Þess má geta að með setningu viðmiðunargjaldskrár Umhverfissráðuneytis á sínum tíma, var almennt talið eðlilegt að sveitarfélög bæru allt að 40% af rekstri heilbrigðiseftirlits með beinum framlögum. Til útskýringar á mynd nr. 23 eru á vinstri ás tekjur í krónum með tilheyrandi sulum og hægri ás sýnir prósentutölur þ.e. hlutfall framlags sveitarfélaganna í rekstri eftirlitsins. Á x-ásnum eru ártölín. Hækkun tekna er eingöngu skýrð með auknum fjölda fyrirtækja. Hefur fyrirtækjum á Suðurlandi fjölgað jafnt og þétt eins og einnig kemur fram á myndinni. Það veldur því að vegna mikilla anna á árinu urðu tekjurnar meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og því stærra hlutfall til rekstar borið uppi af eftirlitinu sjálfu. Laun eru eðlilega langstærsti kostnaðarliðurinn eins og kemur fram á mynd 24 hér á næstu síðu.



MYND 23. TEKJUR HSL OG HLUTFALL FRAMLAGA SVEITARFÉLAGANNA



MYND 24. HELSTU KOSTNAÐARLIÐIR HSL

Lokaorð

Heilt yfir var árið 2017 gott, starfsemin umfangsmeiri en nokkru sinni og verkefnin óþrjótandi. Rekstur embættisins var góður og afkoman betri en áætlað var.

Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er okkur mikils virði. Við teljum okkur vera að sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum heilbrigðis-, mengunar- og umhverfismálum. Bestu störfin vinnum við tíðindalaust með slíkri samvinnu.

Þessari ársskýrslu er ætlað að gefa góða mynd af verkefnum og rekstri stofnunarinnar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, www.hsl.is

Að lokum ber að þakka fyrir gott samstarf við eftirlitsþega, stofnanir, sveitarfélög og almenning og hlökkum til að takast saman á við verkefni nýs árs.

31. maí 2018

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri